

Bæjarstjórn Garðabæjar /
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	30.06.2015
Málalýkill	9.30
Mál nr.	1507009

Garðabæ 25 júní 2015

Varðar; Lóðir við Gimli við Álftanesveg

Sæll Gunnar


Við „eigendur“ / lóðarréttihafar á lóðum á landi Gimli við Álftanesveginn óskum hér með eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um formlegan frágang á úthlutun lóðanna til okkar sem lóðarréttihafa, með nýtingu þeirra í huga í samræmi við gildandi deiliskipulag

Á árunum í kringum 1995 fór þáverandi lóðarhafi Guðmundur Einarsson (faðir / tengdafaðir okkar) að leggja tillögur fyrir skipulagsyfirvöld í Garðabæ með nýtingu landsins í huga, í samræmi við það sem nokkrir nágrannar hans höfðu þá þegar gert. Var honum tjáð að ekki væri tímabært að taka landið til deiliskupulags þar sem m.a. lega nýs Álftanesvegar lægi ekki fyrir. Má segja að hann þá og síðar við höfum beðið í um 20 ár eftir að fá heimild til að nýta landið. Töfin hefur verið skýrð með fleiru en legu Álftanesvegarins, m.a. með að vinna þyrfti aðal- og síðar deiliskipulag fyrir svæðið, deilum við landeigendur á Garðaholti og skipulagi Prýðahverfisins fyrir norðan Álftanesveginn.

Nú liggur fyrir aðal- og deiliskupulag svæðisins og nýr Álftanesvegur langt kominn í byggingu, svo við teljum að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að nýta landið skv deiliskipulagi þess, enda hljóta það að vera hagsmunir bæjarins að svo verði gert.

Í ljósi ofangreinds óskum við eftir viðræðum við bæjaryfirvöld með það í huga að klára málið endanlega

Með bestu kveðjum og fyrirfram þökk


Guðmundur Guðmundsson,
Bakkafliöt 4 5-696-4949



Sævar Leifsson,
Gimli við Álftanesveg


Karólína Guðmundsdóttir,
Markarflöt 55


Guðlaug Guðmundsdóttir,
Norðurtúni 6